SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Forsætisráðuneytið
b.t. Helga Valbergs Jenssonar
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2026
Tilv.: 2512007

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna áframhaldandi undanþágu Orkusölunnar hf. frá gildissviði upplýsingalaga

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 10. desember 2025, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „*upplýsingalögin*“) vegna Orkusölunnar hf. (hér eftir „*Orkusalan*“). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðuneytisins, dags. 16. júlí 2025 ásamt afriti af samskiptum Orkusölunnar og Rarik ohf. við fjármála- og efnahagsráðuneytið á tímabilinu 14. – 16. júlí 2025.

2. Varðar beiðnin tillögu fjármála- og efnahagsráðherra um að Orkusalölunni verði veitt áframhaldandi undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Orkusölunni hefur áður verið veitt undanþága og er það mat ráðuneytisins að ekki hafi orðið veigamiklar breytingar á starfsemi félagsins sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþágunnar sem veitt hafi verið á sínum tíma.

3. Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins varðandi fyrri undanþágur Orkusölunnar dags. 14. júní 2013, 16. júní 2016, 23. ágúst 2019 og 30. júní 2022, kom fram það mat eftirlitsins að rök stæðu til þess að veita félaginu undanþágu frá upplýsingalögum enda væri starfsemi félagsins í samkeppni við einkaaðila á markaði.

4. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í gögnum þeim sem forsætisráðuneytið hefur látið Samkeppniseftirlitinu í té er það m.a. mat fjármála- og efnahagsráðherra að ekkert hafi breyst í starfsemi félaganna sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna.

5. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og fyrri umsagna Samkeppniseftirlitsins telur Samkeppniseftirlitið að rök standi til þess að Orkusalan fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Sigrún Eyjólfsdóttir